


Borgarbyggð  
Sigurjón Einarsson,  
verkefnastjóri  
Borgarbraut 14  
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. mars 2009  
Tilvísun: UST20090200050/áb

### Hú safell III í Borgarbyggð - deiliskipulag Stuttárbotna

Vísað er til erindis Borgarbyggðar um deiliskipulagi Hú safell III, Stuttárbotna, dagsett 18. september 2008.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Á skipulagssvæðinu eru vegir að öllum byggingum. Ef farið er á milli svæða virðist vegirnir oft vera eina leiðin fyrir gangandi vegfarendur. Umhverfisstofnun telur að það megi skoða þann möguleika að bæta við gönguleiðum á milli svæða og meðfram vegum, til að aðskilja umferð gangandi vegfarenda og ökutækja.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skipulagssvæðið er hluti af Hú safelli sem er á náttúruminjaskrá og um svæðið segir í skránni "Hú safell, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Jörðin Hú safell. (2) Tilkommumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs, þ.e. Friðland í Hú safellsskógi". Á svæðinu er náttúrulegur birkiskógur og samkvæmt 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal ekki "að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísriði eða annan hátt". Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er "ruðningur á náttúrulegum skógi" tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu hennar.

Í skipulagsuppdætti er gert "ráð fyrir að nýjar aðveitir (vatnsveita, hitaveita, rafveita og fíarskiptaveita) verði lagðar í eða við vegstæði þar sem því verður komið við. Gerð og staðsetningfráveitubúnaðar skal vera í samræmi við heilbrigðis- og mengunarreglugerð". Umhverfisstofnun vekur athygli á að aðveita neysluvatns þarf að uppfylla skilmála reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.

Virðingarfyllst

Asgeir Björnsson  
sérfræðingur

Olafur A. Jónasson  
deildarstjóri